

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hvalfjarðarsveit.

Stóri-Botn, deiliskipulag í Furugerði.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti 22. september 2020 nýtt deiliskipulag í landi Stóra-Botns, frístundabyggðina Furugerði, sem hefur verið auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið er um 8,9 ha. Þar eru tvö frístundahús ásamt fylgihúsi og hafa landeigendur hug á að reisa tvö frístundahús til viðbótar á svæðinu.

Aðkoma að frístundabyggðinni er frá Botnsdalsvegi um malarveg.

Lögð er áhersla á að öll uppbygging innan deiliskipulagsins falli sem best að umhverfinu. Í deiliskipulaginu eru fjórar lóðir. Heimilt er að byggja eitt frístundahús ásamt fylgihúsi innan hvernar lóðar.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarsveit, 11. febrúar 2021.

Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2021